



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Lykilhæfni

Fjöldi kennslustunda á viku: 1 (fléttað inn í námsgreinar yfir árið)

Kennarar: Erla Margrét, Fjóla Katrín, Sigurlaug M. og Þóra.

Markmið:

Að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, búa þau undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og að þeir öðlist getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur.

Lykilhæfni snýr að nemandanum sjálfum, er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans og tengist öllum námssviðum. Góð lykilhæfni gerir einstaklingum kleift að læra við ólíkar aðstæður, takast á við breytingar, vinna í samfélagi með öðru fólki og bregðast við á þann hátt sem hentar þeim sjálfum til uppbyggingar og farsæls lífs (<https://www.adalnamskra.is/studningsefni/lykilhaefni>)

Kennsluaðferðir: Samþætt við aðrar námsgreinar yfir námsárið

Námsgögn: Fjölbreytt, taka mið af hverri námsgrein fyrir sig og verkefni.

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur

3.-10.bekkur

Ekki gefið A	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
Ekki gefið D	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.



Hörðuvallaskóli

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni. B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
4. bekkur Haustönn og vorönn	Samþætt við allar námsgreinar.	Hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni, Skoðað gögn og upplýsingar og dregið eigin ályktanir, Bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum. Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt. Skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika, Haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta. Sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð,	Verkefnavinna Virgni